

Nefndasvið Alþingis  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Egilsstöðum 30. 01. 2014

**Efni: Umsögn Skógræktar ríkisins um tillögu til þingsályktunar um eflingu skógræktar sem atvinnuvegar og sameiningu stjórnsýslueininga á sviði skógræktar og landgræðslu.**

Skógrækt ríkisins fagnar fram kominni þingsályktunartillögu til stuðnings skógræktar í landinu. Hún er í góðu samræmi við nýja stefnumörkun í skógrækt, *Skógar á Íslandi: Stefna á 21. öld* (<http://www.skogur.is/media/yomislegt/Stefna-skogar.pdf>), sem leggur áherslu á að efla uppbyggingu skógarauðlindar í þágu byggðar, atvinnulífs og umhverfis.

Skógrækt ríkisins gerir ekki tillögur um breytingar á þingsályktunartillögunni en gerir þó eftirfarandi athugasemdir við einstaka liði hennar:

Skógrækt ríkisins fagnar sérstaklega a. liði tillögunnar, þ.e. að vilji sé til að *stórefla hagnýtar rannsóknir og þróunarstarf í skógrækt með áherslu á framleiðslu viðarafurða, framleiðni og arðsama skógrækt*. Skógrækt ríkisins vinnur að slíkum rannsóknum og þróunarstarfi og er því í góðri aðstöðu til að segja til um helstu þarfir í þeim efnum, sem eru umtalsverðar.

Verði að sameiningu sbr. b. lið er líklegt að sameining Skógræktar ríkisins og landshlutaverkefnanna í skógrækt geti gengið vel, enda um stofnanir með sama viðfangsefni og sömu markmið að ræða. Það sem helst þarf að huga að er að skógareigendum, sem nú eiga sæti í stjórnnum landshlutaverkefnanna, verði áfram tryggð aðkoma að ákvarðanatöku um sín málefni í hverjum landshluta. Hver ávinningurinn verður af mögulegri sameiningu skógræktar og landgræðslu þarf að skoða í ljósi markmiða. Við slíka ákvörðun er því mikilvægt að hafa í heiðri það sem fram kemur í greinargerð þingsályktunarinnar, þ.e. að sameining *leggi um leið grunn að nýrri sókn í skógrækt og landgræðslu*.

Því er jafnframt fagnað að lagt sé til að semja ný lög um skógrækt og landgræðslu sbr. c. lið. Rétt er að benda á að slík lagasetning er nauðsynleg hvort sem verður af sameiningu eða ekki, enda verða skógræktarlög sextug að stofni til á næsta ári og landgræðslulög fimmtug.

Rammaáætlun til þriggja ára í senn sbr. d. lið yrði mjög til bóta fyrir skógræktarstarfið og eftir eitthvert reynslutímabil ætti að stefna að áætlanagerð til lengri tíma. Skógrækt ríkisins fagnar hugmyndum um skógræktarsjóð eða sjóði. Fjárfesting í timburskógum hefur í nágrannalöndum okkar reynst ein traustasta langtímafjárfesting sem fyrirfinnst og ætti slíkur fjárfestingarkostur ekki síst að henta aðilum á borð við lífeyrissjóði. Það er þó krefjandi áskorun í okkar skóglitla landi þar sem timburframleiðsla er rétt að hefjast að sannfæra fjárfesta um að timburskógrækt sé góður fjárfestingarkostur. Rannsaka þarf betur hagkvæmni mismunandi útfærslna skógræktar hér á landi, efla þekkingu á markaðsmálum skógræktar og festa betur lagalegt umhverfi eignarhalds á skógi til að auðvelda fjárfestum ákvarðanatöku um fjárfestingar í skógi. Það er m.ö.o. margt sem athuga þarf og mun það taka nokkurn tíma. Samhliða því að koma á fjárfestingu einkaaðila/sjóða er mikilvægt að efla

fjárfestingu ríkisins í skógrækt á komandi árum til að ná sem fyrst þeim framkvæmdaþrótti sem var í skógrækt á árunum fyrir hrun.

F.h. Skógræktar ríkisins  
Þröstur Eysteinnsson, Sviðsstjóri Þjóðskóganna